

## **Reglur um kosningar til fulltrúaráðs SAMEYKIS.**

### 1.gr.

Fulltrúaráðið er skipað stjórn félagsins, formönnum sjóða félagsins og 90 fulltrúum sem kosnir eru af trúnaðarmannaráði á fyrsta trúnaðarmannaráðsfundi að hausti eftir kosningu á oddatöluári. Við kosningu fulltrúa í fulltrúaráð skal tryggt að lágmarki séu tveir fulltrúar frá eftirtöldum landshlutum: Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi Vestra, Norðurlandi Eystra, Austurlandi, Suðurlandi og Reykjanesi. Einnig skal vera tryggt að eftirtaldar kjarasamningseiningar eigi að lágmarki tiltekinn fjölda fulltrúa í ráðinu,

- (1) kjarasamningur – ríkisins/sjálfseignarstofnanir, (10 fulltrúa),
- (2) kjarasamningur – sveitarfélaganna/sjálfseignarstofnanir (10 fulltrúa),
- (3) kjarasamningur – SA og annarra sem félagið gerir kjarasamning við (5 fulltrúa).

Formaður félagsins er jafnframt formaður fulltrúaráðs. Trúnaðarmannaráð skal setja nánari reglur um framkvæmd kosninga í fulltrúaráði. (26.gr.laga)

### 2.gr.

Sjálfkjörnir í fulltrúaráð eru stjórn Sameykis og formenn stjórna sjóða félagsins allt að 26 fulltrúar.

### 3.gr.

Kosning í fulltrúaráð fer fram að hausti annað hvert ár á oddatöluári. Nýtt trúnaðarmannaráð sem kosið er að vori sama ár kýs fulltrúaráð á fyrsta fundi ráðsins að hausti. Kosning skal vera í samræmi við lög Sameykis 10.kafla 26.gr.

Þegar kosningu trúnaðarmannaráðs er lokið fyrir nýtt kjörtímabil skal stjórn Sameykis skipa uppstillingarnefnd fyrir kjör fulltrúaráðs.

Hlutverk uppstillingarnefndar er að stilla upp lista frambjóðenda til fulltrúaráðsins og í þeirri vinnu skal tryggt að allir trúnaðarmenn hafi möguleika á að bjóða sig fram. Skal það m.a tryggt með því að auglýsa framboðsfrest í sérstöku vefbréfi til trúnaðarmanna þar sem kemur fram hvenær framboðsfrestur rennur út.

### 4.gr.

Á fyrsta fundi trúnaðarmanna að hausti leggur stjórn fram tillögu að lista til samþykktar. Trúnaðarmannaráð skal kjósa 90 fulltrúa. Á trúnaðarmannaráðsfundinum geta aðrir boðið sig fram en þeir sem eru á lista uppstillingarnefndar. Ef fleiri framboð koma fram skal fara fram skrifleg kosning. Kjörstjórn Sameykis telur atkvæðin eftir fund trúnaðarmannaráðs og tilkynnir það eins fljótt og auðið er. Við kosninguna og í tillögu uppstillingarnefnda skal eftirfarandi samsetning vera fyrir hend samkvæmt 26 gr. laga Sameykis:

Við kosningu fulltrúa í fulltrúaráð skal tryggt að lágmarki séu tveir fulltrúar frá eftirtöldum landshlutum:

Vesturlandi, 2

Vestfjörðum, 2

Norðurlandi Vestra, 2

Norðurlandi Eystra, 2

2.8.2019 11:38

Austurlandi, 2  
Suðurlandi 2  
Reykjanesi, 2  
**Samtals 14**

Einnig skal vera tryggt að eftirtaldar kjarasamningseiningar eigi að lágmarki tiltekinn fjölda fulltrúa í ráðinu,

- (1) kjarasamningur – ríkisins/sjálfsseignarstofnanir, (10 fulltrúa),
- (2) kjarasamningur – sveitarfélaganna/sjálfsseignarstofnanir (10 fulltrúa),
- (3) kjarasamningur – SA og annarra sem félagið gerir kjarasamning við (5 fulltrúa).

### **Samtals 25**

5.gr.

Háskóladeild hefur heimild til að tilnefna tvo fulltrúa úr deildinni í ráðið. Lífeyrisdeildin hefur heimild til að tilnefna 5 fulltrúa í fulltrúaráðið og skulu þeir vera úr hópi fulltrúa deildarinnar í trúnaðarmannaráði.

Aðrar deildir hafa heimild til að tilnefna tvo áheyrnarfulltrúa í fulltrúaráðið.

### **Í Fulltrúaráði eiga eftirfarandi sæti:**

- **Stjórn og formenn sjóða allt að 26 aðilar.**
- **Trúnaðarmannaráð kys 90 fulltrúa.**
- **Háskóladeild og Lífeyrisdeild tilnefna 7 fulltrúa samanlagt.**
  
- **Aðrar deildir hafa heimild til að tilnefna 2 áheyrnarfulltrúa fyrir hverja deild**

### **Samtals í Fulltrúaráði allt að 125**

Samþykkt á fundi stjórnar Sameykis þann \_25.06.2019\_\_\_\_\_

Samþykkt á fundi trúnaðarmannaráðs Sameykis þann \_\_27.6. 2019\_\_\_\_\_